

Dagur íslenskrar tungu 2013

Viðburðir í tilefni dags íslenskrar tungu 2013

Dagskrá mennta- og menningarmálaráðherra á degi íslenskrar tungu

Heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra Illuga Gunnarssonar til Akureyrar 15. nóvember 2013:

9.30 Oddeyrarskóli – tekið á móti ráðherra og fylgdarliði. Preben Jón Pétursson formaður skólanefndar, Gunnar Gíslason fræðslustjóri, Jenný Gunnbjörnsdóttir forstöðumaður Miðstöðvar skólaþróunar HA og Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri.

9.40 Litið inn í kennslustofur hjá yngsta stigi í Oddeyrarskóla og nám og kennsla í byrjendalæsi skoðuð.

10.20 Giljaskóli – litið við í kennslu hjá nemendum á miðstig í orði af orði og fleiri aðferðir kynntar og ræddar. Skólastjóri er Jón Baldvin Hannesson.

11.20 Málræktarþing unga fólksins í hátíðarsal HA – ávarp ráðherra.

Til þingsins mæta 10. bekkingar úr grunnskólum Akureyrar ásamt kennurum en þeir hafa undanfarnar vikur unnið ýmis verkefni um íslenskt mál.

12.10 Hádegisverður með spjalli um skóla- og menningarmál í menningarhúsinu Hofi

13.15 Leikskólinn Pálmholt heimsóttur, en þar verður farið aðeins yfir lestrarkennslu í leikskóla og starfið skoðað.

14.10 Akureyrarstofa; kynning á menningarstofnunum bæjarins.

16.30 Flug til Reykjavíkur.

Dagskrá í Þjóðmenningarhúsi á vegum mennta- og menningarmálaráðherra á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2013 kl. 14

- Upplestur, Tjörvi Gissurarson.
- Ávarp Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra.
- Afhending tveggja viðurkenninga á degi íslenskrar tungu.
- Ávörp viðurkenningarhafa.
- Halldóra Ársælsdóttir flytur eigið ljóð.
- Afhending Verðlauna Jónasar Hallgrímssonar.
- Ávarp verðlaunahafa.
- Hallveig Rúnarsdóttir syngur við undirleik Hrannar Þráinsdóttur.
- Veitingar í boði mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Fundarstjóri Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. Íslandsbanki veitir verðlaunaféð.

Á [vef dags íslenskrar tungu](#) eru upplýsingar um hluta af því sem fram fer undir merkjum dagsins. Á vefnum er einnig vísað á ýmsa sérvefi um Jónas Hallgrímsson. Þar er einnig hugmyndabanki kennara og yfirlit um þá sem hlotið hafa hin árlegu **Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar** og viðurkenningar á degi íslenskrar tungu.

Ýmsir viðburðir í tilefni dags íslenskrar tungu 2013

- **Málræktarþing Íslenskrar málnefndar**, haldið fimmtudaginn 14. nóvember kl. 15-16:15 í Þjóðmenningarhúsinu. Þingið ber heitið Þing Íslenskrar málnefndar um íslensku sem annað mál – Börn með erlendan bakgrunn í íslensku skólakerfi. Viðurkenningar Íslenskrar málnefndar verða veittar og ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2013 kynnt. [Nánari upplýsingar um dagskrána.](#)
- **Hátíðardagskrá í Háskóla Íslands** á vegum Mímis, félags stúdenta í íslenskum fræðum. Dagskráin hefst kl. 15 í stofu 201 í Árnagarði og stendur til um kl. 17:30. Boðið verður upp á léttar veitingar í hléi og fjölbreytt erindi um íslenska tungu. Allir eru hjartanlega velkomnir. [Nánari upplýsingar um dagskrána.](#)
- **Stóra og litla upplestrarkeppnin í grunnskólum**
Stóra upplestrarkeppnin fer nú af stað í 17. sinn og hefst formlega á degi íslenskrar tungu; eldri börnin koma í bekki yngri barna og lesa upp sögur og ljóð; verðlaunahafar úr upplestrarkeppni síðasta árs lesa upp; ljóða- og smásagnasamkeppni; ljóð Jónasar Hallgrímssonar kynnt; íslenskir málshættir sérstaklega athugaðir.
Litla upplestrarkeppnin fyrir 4. bekk fer nú af stað í fjórða sinn í Hafnarfirði. Fleiri bæjarfélög taka þátt í keppninni, m.a. Grindavík, Vogar, Mosfellsbær og Akureyri. [Nánari upplýsingar um dagskrána.](#)
- **Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík** afhent á degi íslenskrar tungu. Athöfnin fer fram í Norðurljósasal Hörpu kl. 13.00 að viðstaddri frú Vigdísí Finnbogadóttur fyrrverandi forseta sem er verndari verðlaunanna. Íslenskuverðlaunin eru nú veitt í sjöunda sinn, á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar. Markmið þeirra er að auka áhuga grunnskólanema á íslenski tungu og hvetja þá til framfara í tjáningu og töluðu og rituðu máli.
- **Handritin í Þjóðmenningarhúsinu.** Vakin er athygli á því að á degi íslenskrar tungu verða handritin okkar til sýnis laugardaginn 16. nóvember, kl. 11-17.
- **Viltu tala íslensku við mig? Degi íslenskrar tungu fagnað í Íslenskuþorpinu á Háskólatorgi**, fimmtudaginn 14. nóvember, kl. 13.30.
Þá býðst nemum í íslensku sem öðru máli að koma til fundar við Íslendinga í Háskóla Íslands (Háskólatorgi) til að spjalla um daginn og veginn og æfa um leið nýja málið. Íslenskuþorpið var formlega opnað á degi íslenskrar tungu árið 2012 og var þá fyrst boðið upp á slíkan samskiptavettvang íslenskunema og Íslendinga. [Nánari upplýsingar um atburðinn.](#)
- **Á Borgarbókasafni** verður að vanda dagskrá á degi íslenskrar tungu. Þar sem daginn ber upp á laugardag þá koma á aðalsafnið, Tryggvagötu 15, hátt í hundrað leikskólabörn frá

Drafnarsteini á föstudaginn 15. nóvember. Kl. 15:30 munu öll börn skólans stíga þar á stökk og syngja eða fara með þulur. Á dagskrá eru íslensk lög og textar, m.a. eftir Jónas Hallgrímsson afmælisbarn dagsins. Á deginum sjálfum verður Ljóðaskjámyndasýning í öllum söfnum, boðið verður upp á upp á orðamola, gömlu góðu töggurnar, og þeim munu fylgja gömul íslensk orð sem eru ekki í mikilli notkun lengur. Það verða ljóðabækur fyrir börn og íslensk orðsnild í útstillingum. Í Kamesinu, á 5. hæð í aðalsafni, verður sýnd mynd um Jónas Hallgrímsson, sem ber titilinn "Hver var Jónas".

- **Á Gljúfrasteini** verður opið á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember frá 10-17 og aðgangur ókeypis. Kl. 16.00 verður upplestur sem að þessu sinni verður helgaður börnum. Nemendur úr Lágafellsskóla og Varmárskóla í Mosfellsbæ munu lesa upp auk þess sem tveir barnabókarithöfundar munu koma fram. Það eru þau Kristín Helga Gunnarsdóttir, höfundur bókarinnar Mói Hrekkjusvín og Kjartan Yngvi Björnsson sem gefur út bókina Draumsverð núna fyrir jólin ásamt Snæbirni Brynjarssyni.
- **Söngskólinn í Reykjavík** verður að venju með viðburð undir merkjum dags íslenskrar tungu: Miðvikudaginn 13. nóvember kl. 18.00
Snorrabúð - tónleikasál skólans: Tónleikar Ljóða- og ariúdeildar Söngskólans
Flutt verða sönglög íslenskra söng- og ljóðahöfunda áhersla á afmælistónskáld haustsins.
- **Námshagnastofnun efni til vísnaþamkeppni** grunnskólanema líkt og tvö síðastliðin ár. Þátttakan hefur aukist töluvert á milli ára en í fyrra sendu 603 nemendur vísuþotna frá samtals 35 skólum víðs vegar á landinu. Einnig sendu sumir nemendur okkur teikningar í tengslum við kveðskapinn. Við vonumst til að sem flestir skólar taki þátt í þessu verkefni. Verkefnið felst í því að þotna vísu en fyrir bestu vísuna á hverju stigi eru veitt bókaverðlaun sem verða afhent í upphafi nýs árs. Sjá nánar á [vef Námshagnastofnunar](#)
- **Dæmi um hvernig deginu er fagnað í leikskóla:**
Í leikskólanum Tjarnarborg fá börnin að kynna Ljóðunum Buxur, vesti, brók og skór eftir Jónas Hallgrímsson og Karl sat undir kletti eftir Halldór B. Björnsson. Einnig munu þau kynna örsögugerð í stöðvavinnunni sinni á föstudeginum 15. nóvember. Vikurnar á eftir ætla þau að taka fyrir verkefnið Leikur að orðum. Þar munu þau leggja áherslu á íslensku með því að skoða fallegustu orðin.